

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík


Reykjavík 13. október 2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, 167. mál.

Líkt og kemur fram í greinargerð er frumvarpið nú lagt fram í fjórða sinn með breytingum sem taka mið af nefndarálitum umhverfis- og samgöngunefndar auk annarra minniháttar breytinga. Þær breytingatillögur hafa ekki áhrif á upphaflega umsögn Neytendasamtakanna sem skilað var inn á 150. Löggjafarþingi (421. mál) og rædd á fundi nefndarinnar. Í ljósi framangreinds vísað til fyrri umsagnar er finna má hér að neðan.

Virðingarfyllst,

f.h. Neytendasamtakanna



Breki Karlsson, formaður



Nefndasvið Alþingis
Umfhverfis- og samgöngunefnd
Austurstræti 8
150 Reykjavík

Reykjavík 10. janúar 2020

Umsögn Neytendasamtakanna um frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, 421. mál.

Neytendasamtökin vísa til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis, dags. 6. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn samtakanna um frumvarp til laga um leigubifreiðaakstur, 421. mál.

Markmiðið með frumvarpinu er fyrst og fremst að tryggja gott aðgengi að hagkvæmri, skilvirkri og öruggri leigubifreiðapjónustu fyrir almennig á Íslandi. Þá er frumvarpinu ætlað að færa lög og reglur um leigubifreiðar til nútímalegra horfs þar sem öruggar og tryggjar samgöngur eru hafðar að leiðarljósi, auk þess að tryggja að íslenska ríkið uppfylli þjóðréttarlegar skuldbindingar sínar.

Neytendasamtökin fagna aukinni samkeppni á mörkuðum sem er almennt til bóta fyrir neytendur. Aukin og virk samkeppni leiðir að jafnaði til hagstæðara verðs og betri þjónustu. Markmið frumvarpsins virðist falla vel þeirri afstöðu samtakanna þar sem fram kemur í greinargerðinni að með fjölgun leyfa aukist samkeppni á leigubifreiðamarkaði og þjónusta verði hagkvæmari og lagi sig frekar að kröfum neytenda.

Neytendasamtökin benda þó á að afnám fjöldatakmarkana, stöðvaskyldu og skráningareglna virðist ekki alls staðar hafa leitt til lægra verðs og betri þjónustu til neytenda. Sé raunin sú, telja Neytendasamtökin skynsamlegt að horfi verði til þróunar í þeim löndum og gripið verði til ráðstafana til að tryggja að þær breytingar sem hér lagðar eru til skili sér raunverulega í lægra verði og aukinni þjónustu til hagsbóta fyrir neytendur. Þá taka samtökin undir umsagnir annarra aðila hvað varðar nauðsyn þess að tryggja að leigubílaþjónusta sé í boði allan sólarhringinn.

Samtökin telja einnig mikilvægt að enginn afsláttur sé gefinn af öryggi farþega eða annarra vegfaranda. Þannig er mikilvægt að tryggja að þær bifreiðar sem nýttar verða til leigubílaaksturs uppfylli ströngustu öryggisskilyrði, t.d. um árlega skoðanir og aðbúnað.

Þá telja samtökin mjög jákvætt að leyfisskírteini skuli ávallt vera sýnileg til sönnunar á því að leigubílstjórar hafi atvinnuleyfi eða rekstarleyfi, sem og að gjaldskrá skuli sýnileg fyrir neytendur.

Að ofangreindu virtu, þá lýsa samtökin yfir stuðningi sínum við frumvarpið.

Virðingarfyllt,

fyrir hönd Neytendasamtakanna

Breki Karlsson, formaður